

Cobaborun að Keldum. Athugun á þykkt
lausra jarðlaga

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-89-10

Cobroranir að Keldum Athugun á þykkt lausra jarðlaga

Að beiðni Ámunda Brynjólfssonar, skrifstofu Borgarverkfræðings, voru þann 9. nóvember 1989 boraðar níu holur með cobra-bor á fyrirhuguðu byggingarsvæði á Keldum. Borað var sem næst þeim stöðum sem um var beðið (sjá afstöðumynd); notað málband en hælur ekki skildir eftir á borstöðum.

Við cobrorun er mældur reksturshraði borstanga á 20 cm bili. Hraðafarlarnir eru sýndir á meðfylgjandi blöðum. Í borlok þýðir fullyrðingin "stopp" að borinn hafi nánast stöðvast en að fyrirstaðan sé ekki mjög afmörkuð. "fast" er notað þegar fyrirstaðan er töluvert ákveðin; borinn heggur og jafnvel glamrar. Þýðir það þá annað hvort að komið sé í fasta klöpp eða á stóran stein. Regla er að hætta borun ef ekki rekast 20 cm á mínútu, ellegar 10 cm á hálfri.

Á svæði þeirrar byggingar, sem nær verður núverandi húsum, var borað á fimm stöðum og eru holurnar nefndar I - V. Dýpi niður á nokkuð þétt undirlag er 7 - 7½ m og eru hraðaskil í borferlunum verulega afgerandi glögg. Þarna er að líkum komið ofan í jökulurð, sem er misgrýtt og ekki nema að litlu leyti samlímd. Fyrir bragðið smýgur borinn nokkuð ofan í hana þó hægt fari. Af þessu hlutust ógnar erfiðar festur og varð til að mynda að skilja eftir 8 m af borstáli eftir í holu nr. I. Fyrir bragðið var farið varlega við að þröngva sér djúpt ofan í urðina, enda er ef að líkum lætur allgóður burður í henni.


Á neðra hússtæðinu liggja hraðaskilin ofar og eru ef til vill ekki eins afgerandi mörk milli lauss og fasts. Í holu VIII virðist borun stöðvast á steini eða í stinnu lagi sem komist er í gegn í hinum holunum.

Meðfylgjandi eru hraðafarlar á þrem blöðum svo og lausleg afstöðumynd.


Þórólfur H. Hafstað

KV. HUS II

Cobraholur I-V



VANTANLEGAR
BREGGINGAR




Cobra-holur
VI-IX

12D - MJ


KELDUR
COBRA HÖLUR

11. nov. 1989
SÁH/Á þnn
ÞHH-89-10
blað 1 af 3


I.



II.



III.




VOD - m3


KELDUR
COBRAHOLUR

11. NOV. 1984.
PHH/H/666
PHH-89-10
blad 2 af 3

IV.



V.




VSD-MJ


KELDUR
LOBRAHOLUR

11. nóis 1989
PHH/H/666. -
PHH-84-10
blad 3 af 3.


VI.



VII.



VIII.



IX.

